



Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Kópavogi 7. desember 2020.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.) 329. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 28. nóvember 2020 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.), 329. mál á 151. lögjafarþingi.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið er samið í heilbrigðisráðuneytinu af vinnuhópi sem skipaður var fulltrúum þess ráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu embætti landlæknis Landspítala og Ríkislögreglustjóra. Álitsgerð dr. juris Páls Hreinssonar sem hann vann að beiðni stjórnvalda var lögð til grundvallar vinnu starfshópsins ásamt reynslu sem áunnist hefur hér á landi, ekki síst í þeim heimsfaraldri sem nú gengur yfir.

Þá var talin þörf á endurskoðun gildandi sóttvarnalaga, sem eru frá árinu 1997, ekki síst IV. kafla þeirra um opinberar sóttvarnaráðstafanir enda hefur í fyrsta sinn í gildistíð laganna reynt á ákvæði kaflans í yfirstandandi heimsfaraldri.

LÍ leyfir sér að gera sérstaka athugasemd við að svo virðist sem sóttvarnaráð hafi ekki verið haft með í ráðum við undirbúning þessara lagabreytinga. Það telur LÍ bagalegt, ekki síst í ljósi þess hlutverks sem sóttvarnaráði er falið í gildandi sóttvarnalögum.

Meginefni frumvarpsins eru breytingar á IV. kafla laganna um opinberar sóttvarnaráðstafanir. Til viðbótar eru lagðar til orðskýringar, sem ekki eru nú í lögnum og frekari breytingar til að tryggja betri skýrleika laganna.

Hugtakaskýringar. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 1. gr. laganna bætist við ný málsgrein með orðskýringum. Þar er lagt til að skilgreind verði hugtökin afkvíun, einangrun, farsótt, ferðamaður, inngríp, læknisskoðun, ónæmisáðgerð, samkomubann, skimun, smitrakning, sóttþreinsun, sóttkví, útgöngubann og vöktun vegna lýðheilsu. Flest þessara hugtaka eru skýrð með sama hætti og í alþjóðlegu heilbrigðisreglugerðinni. Önnur eru skilgreind í samræmi við það sem tíðkast hefur. LÍ gerir ekki athugasemd við orðskýringarnar.

Umdæmislæknar sóttvarna. Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna þannig að landinu verði skipt í sóttvarnaumdæmi sem afmörkuð verði með samahætti og heilbrigðisumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra tilnefni umdæmislækna sóttvarna úr hópi lækna þeirra heilsugæslustöðva sem ríkið rekur í hverju sóttvarnaumdæmi samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis. Umdæmislæknar verða ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. Tilnefna má fleiri en einn lækni í hverju sóttvarnaumdæmi sem umdæmislækna sóttvarna. Nú eru yfirlæknar ábyrgir fyrir þessum málaflokki og sóttvarnalæknir ákveður hvaða skuli vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sóttvarnaumdæminu. Þessi tillaga um að taka sóttvarnahlutverkið af yfirlæknum og færa til heilsugæslulækna sem sóttvarnalæknir ákveður, virðist fyrst og fremst sprottin af því að ekki eru alls staðar starfandi yfirlæknar á landsbyggðinni. LÍ leyfir sér að benda á að þessi staðreynd endurspeglar það bágborna ástand sem er í mönnun lækna í heilsugæslu í dreifbýli. LÍ hefur itrekað bent stjórnvöldum

á þessa staðreynd án teljandi viðbragða af þeirra hálfu. Undir venjulegum kringumstæðum hefði að mati LÍ verið eðlilegast að sóttvarnahlutverkið fylgdi yfirlæknishlutverkinu.

Sóttvarnaráð. Í 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. laganna gagnvart hlutverki sóttvarnaráðs. Er það gert í samræmi við ábendingar í álitsgerð dr. juris Páls sem telur mikilvægt að skýr greinarmunur verði á hlutverki sóttvarnaráðs annars vegar og sóttvarnalæknis hins vegar. Mikilvægt er talið að leggja áherslu á ráðgefandi hlutverk sóttvarnaráðs en gildandi lagaákvæði séu óljós því í 3. mgr. 6. gr. laganna sé sóttvarnaráði einnig falið að móta stefnu í sóttvörnum. Mikilvægt sé því að taka af skarið og undirstrika ráðgefandi hlutverk sóttvarnaráðs. LÍ telur að eðlilegra hefði verið að viðhalda stefnumótandi hlutverki sóttvarnaráðs sem sóttvarnalæknir væri síðan framkvæmdaaðili að. LÍ hafa borist ábendingar um það að sóttvarnaráð hafi lítið verið notað til ráðgjafar í þeim heimsfaraldri sem nú gengur yfir og veltir því fyrir sér hvort í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til hvort ekki sé þá hreinlega að leggja sóttvarnaráð niður.

Styrking ákvæða um heimildir stjórnvalda til opinberra sóttvarnaráðstafa. Í frumvarpinu eru nokkrar breytingar sem lúta að því að skýra og styrkja betur heimildir stjórnvalda til að gripa til opinberra sóttvarnaráðstafna í ljósi krafna sem lögmætisregla og lagaáskilnaðarreglur stjórnarskrárinnar gera. LÍ fagnar því að ákvæði sóttvarnalaga séu styrkt að þessu leyti og telur það mikilvægt.

LÍ mælir með samþykki frumvarpsins að teknu tilliti til ábendinga í þessari umsögn.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,



Reynir Arngrímsson, formaður